

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 236/2009 um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.

#### 1. gr.

Í stað orðanna „skv. 2. mgr., sbr. þó 2. og 9. gr.“ í 1. mgr. 4. gr. kemur: skv. 3. mgr., sbr. þó 2. mgr. og 2. og 9. gr.

#### 2. gr.

Á eftir 1. mgr. 4. gr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkninga í lyfjaflokknum C 09 lyf með verkun á renínangíótensín kerfið. Hagkvæmstu pakkningar eru metnar út frá verði á einingu í pakkningu og þær pakkningar B-merktar sem víkja ekki meir en 150% frá ódýrasta einingaverði. Sjúkratryggingar taka ekki þátt í greiðslu annarra lyfja í lyfjaflokki C 09 en er þó heimilt að gefa út lyfjaskírteini, sbr. 2. tölul. 11. gr.

#### 3. gr.

2. mgr. 5. gr. orðast svo:

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkninga í lyfjaflokkunum prótónpumpu-hemlum (A 02 B C) og lyfjum til temprunar á blóðfitu (C 10 A). Hagkvæmstu pakkningar eru metnar út frá verði eininga í pakkningu og þær pakkningar E-merktar sem víkja ekki meir en 20% frá ódýrasta einingaverði í ATC-flokki A 02 B C, en 50% í ATC-flokki C 10 A. Sjúkratryggingar taka ekki þátt í greiðslu annarra lyfja í framangreindum lyfjaflokkum en er þó heimilt að gefa út lyfjaskírteini fyrir greiðsluþátttöku skv. 1. tölul. 11. gr.

#### 4. gr.

Á eftir 1. tölul. 11. gr. kemur nýr töluliður, sem verður 2. tölul. og breytast aðrir töluliðir í samræmi við það, og orðast hann svo: Þegar sjúklingi er brýn nauðsyn að nota um lengri tíma lyf sem sjúkratryggingar greiða ekki („0“ merkt í lyfjaverðskrá), sbr. 2. mgr. 4. gr. Er þá heimilt að greiða skv. B-merkingu.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 25. gr., 1. mgr. 29. gr. og 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. október 2009.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Lyfjaávisanir á þau lyf sem fá breytta greiðsluþátttöku samkvæmt 2. gr. og gefnar eru út fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, halda óbreyttri greiðsluþátttöku til allt að 1. janúar 2010.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 17. júlí 2009.*

**Ögmundur Jónasson.**

*Einar Magnússon.*